

Reykjavík, 30.10.2017

74. fundur dómara nefndar SSÍ

### Fundur settur kl 17:25

**Mætt:** Viktoría Gísladóttir, Sigurður Óli Guðmundsson, Björn Valdimarsson, Hilmar Theodór Björgvinsson, Hilmar Örn Jónasson, Lilja Ósk Björnsdóttir og Ingibjörg Ýr Pálmadóttir.

**Fjarverandi:** Bryndís Sigurðardóttir.

Sundsamband Íslands mun styrkja yfirdómara til þátttöku á dómara fundi LEN sem haldinn verður 10.-12. nóvember í Belfast. Styrkurinn kemur til móts við hótélkostnað viðkomandi vegna ferðarinnar. Yfirdómari mun halda endurmenntunarnámskeið fyrir sunddómara í hádegishléi á NM25 sem haldið verður í Laugardalnum í byrjun desember.

Erindisbréf sent dómara nefnd SSÍ. Rætt er um undirkaflann „Hlutverk og verkefni dómara nefndar“. Þar kemur fram að *dómara nefnd beri að sjá til þess að viðurkenndir dómara séu til staðar í öllum sundíþróttagreinum sem falla undir SSÍ*. Dómara nefndin telur að hún hafi ekki þekkingu til að bera til að koma að öðrum sundíþróttagreinum en sundi og óskar því eftir nánari skilgreiningu á þessum lið frá Sundsambandi Íslands.

Hilmar Örn hefur farið í gegnum reglugerðir FINA. Þar má meðal annars lesa út úr *Reglugerð um framkvæmd sundmóta* að til að met sé gilt þurfi að vera einn þulur, yfirsúningsdómari og tæknidómari. Hvergi er sagt að þul eða tæknidómara megi sleppa á illa mönnum sundmóti, því verði met sem sett er á því móti ekki gilt því ekki sé mannskapur til staðar. Umræða var um reglur er lúta að dómurum. Því næst rætt um *Dómgæslu og viðhald réttinda*. Rætt um að taka út *Dómara nemi þarf að standast skriflegt próf úr bóklegum hluta námsins. Prófurlausnir skal senda til móta-, tækni- og dómara nefndar SSÍ ásamt lista yfir þátttakendur og árangur þeirra*. Í dag eru dómara nemi ekki prófaðir, en þeir taka verklegan hluta sunddómara náms. Hér þarf að breyta orðalagi þannig: *Dómara nemi þarf að sitja bóklegt námskeið og taka tvo verklega hluta til að öðlast dómara nemi réttindi*. Rætt var um *Lög SSÍ, 2. kafli*. Þar stendur *Opin eru þau sundmót kölluð sem öllum félögum innan ÍSÍ er heimil þátttaka í*. Betra er að þar standi: *Opin sundmót skulu fara fram samkvæmt sundreglum SSÍ og FINA*.

ÍM25 verður haldið í Laugardalnum í ár. Dómara nefnd ber samkvæmt reglugerð að ákveða yfirdómara og ræsa á öll mót SSÍ.

Dómara nemi námskeið var haldið í liðinni viku. Átta dómara nemi sóttu það. Tveir eiga eftir að ljúka verklegum hluta sunddómara nemi.

Ákveðið var að halda næsta fund dómara nefndar í kjölfar NM25, það er að segja fyrsta mánudag í desember.

**Fundi slitið kl. 19:00**